

Föstudaginn 25. apríl 1997.

Nr. 175/1997.

**Skógrækt ríkisins**

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

**Birni Jóhannssyni**

Kærumál. Aðild. Kæruheimild. Frávísun máls frá Hæstarétti að hluta. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kærum 12. og 21. mars 1997, sem bárust réttinum ásamt kærumálgögnum 17. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 28. febrúar 1997, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað sjálfkrafa frá dómi, svo og ákvörðun dómsins 14. mars sama árs um að fella fyrrgreindan úrskurð úr gildi. Um kæruheimild vísar sóknaraðili í báðum tilvikum til XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara ásamt eftirfarandi málsmeðferð hans verði felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili höfðaði málið á hendur varnaraðila til heimtu skaðabóta með stefnu 4. desember 1996, en það var þingfest á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands 8. janúar 1997. Í greinargerð, sem var lögð fram í þinghaldi 12. febrúar sama árs, krafðist varnaraðili aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum sóknaraðila svo og málskostnaðar. Héraðsdómari kvað upp hinn kærða úrskurð 28. febrúar 1997 um frávísun málsins án kröfu, og var það gert, án þess að aðilum gæfist kostur á að tjá sig um þá annmarka, sem hann taldi á málalíbúnaði sóknaraðila. Að fram kominni kæru sóknaraðila frá 12. mars 1997 tók héraðsdómari málið fyrir að nýju á dómþingi 14. sama mánaðar og færði þar meðal annars eftirfarandi til bókar: „Þar sem

dómari fellst á þau viðhorf, er fram koma í kæru, ákveður hann með vísan til 1. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.“ Þessari ákvörðun skaut sóknaraðili til Hæstaréttar með fyrrnefndri kæru 21. mars 1997.

Í 143. gr. laga nr. 91/1991 er ekki að finna heimild handa sóknaraðila til að kæra þá ákvörðun héraðsdómara, sem hér á undan er getið. Verður því að vísa kæru sóknaraðila 21. mars 1997 sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Heimildin í 1. mgr. 147. gr. laga nr. 91/1991, sem héraðsdómari vísaði samkvæmt framansögðu til, þegar hann ákvað að fella úr gildi úrskurð sinn um frávísun málsins, er háð þeim takmörkunum, sem greinir í 5. mgr. 112. gr. laganna. Samkvæmt þessu gat héraðsdómari ekki fellt úrskurðinn úr gildi. Verður því að fara með málið svo sem sú ákvörðun hafi aldrei verið tekin og leysa úr kröfum sóknaraðila í kæru 12. mars 1997.

Samkvæmt gögnum málsins var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 10. maí 1995. Krafan, sem sóknaraðili leit- ar dóms um í málinu, er um skaðabætur utan samninga, en hana reisir sóknaraðili á atvikum, sem hann telur varnaraðila bera ábyrgð á og gerðust 15. maí 1995. Af þessum sökum verður kröfu sóknaraðila ekki beint að þrotabúi varnaraðila samkvæmt 2. mgr. 72. gr. eða 2. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Önnur ákvæði þeirra laga eru því ekki í vegi, að mál þetta verði höfðað á hendur varnaraðila þótt gjaldþrotaskipti standi yfir á búi hans. Verður hinn kærði úrskurður þegar af þessum ástæðum felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að með framangreindu virti héraðsdómari að vettugi skyldu samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 til að gefa aðilum kost á að tjá sig, áður en úrskurður yrði kveðinn upp um frávísun málsins án kröfu.

#### D ó m s o r ð:

Kæru sóknaraðila, Skógræktar ríkisins, frá 21. mars 1997 er vísað frá Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður frá 28. febrúar 1997 er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

### **Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 28. febrúar 1997.**

Mál þetta, sem höfðað er með stefnu, birtri 13. desember 1996, var tekið til úrskurðar um frávísun án kröfu í þinghaldi 28. febrúar 1997.

Stefnandi er Skógrækt ríkisins, kt. 590269-3449, Miðvangi 2–4, Egilsstöðum. Stefndi er Björn Jóhannsson, kt. 120628-2169, Ásenda 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 5.048.500 kr., auk hæstu leyfilegra dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 5. ágúst 1995 til greiðsludags, sbr. vaxtalög nr. 25/1987, sérstaklega 12. og 15. gr.

2. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda útlagða þóknun matsmanna og aksturskostnað þeirra, samtals 270.269 kr., ásamt hæstu leyfilegu dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 23. 8. 1995 til greiðsludags skv. vaxtalögum nr. 25/1987.

3. Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda ásamt virðisauka-skatti.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að fjárfkrafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Þá krefst stefndi bæði í aðal- og varakröfu málskostnaðar skv. mati dómsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, upp kveðnum 10. maí 1995, var bú stefnda tekið til gjaldþrotaskipta og Sveinn Andri Sveinsson hdl. skipaður skiptastjóri. Skiptum er ólokið.

Samkvæmt 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti fer þrotabú stefnda í aðalatriðum með réttindi og skyldur hans og nýtur rétthæfis til að öðlast réttindi og baka sér skyldur, meðan á skiptum stendur. Brestur stefnda því aðildarhæfi skv. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

### **Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður.